

Komiði sæl.

Ég býð mig fram til setu á Kirkjubíngi vegna þess að mér þykir vænt um Þjóðkirkjuna.

Ég hef starfað sem prestur frá árinu 1991, lengst af innan Þjóðkirkjunnar, fyrir utan þrjú ár innan Ensku biskupakirkjunnar í bænum Scunthorpe á Englandi.

Fjármál Þjóðkirkjunnar eru mér hugleikin, styrk stjórn þeirra mála og að standa vörð um prestsembætti hennar og þjónustu. Starfsemi Þjóðkirkjunnar er fjölbreytt. Styðja á enn frekar við það góða starf sem hún stendur fyrir eins og Fjölskylduþjónustu kirkjunnar, hjálparstarf og efla enn frekar kirkjumiðstöðvarnar á Löngumýri, í Skálholti og á Eiðum.

Ég tel mig hafa reynslu og yfirsýn á málefnum Þjóðkirkjunnar. Ég hef reynt að sækja mér þekkingu sem nýtist í prestsþjónustu minni. Ég er markþjálfari, hef meistaraþróf í mannauðsstjórnun, þróf í uppeldis- og kennslufræðum, diplómupróf í öldrunarfélagssráðgjöf og atvinnulífsfræði.

Ég tel mig geta orðið að liði á Kirkjubíngi. Ég leita þess vegna til ykkar um stuðning.

Með kveðju.

Bjarni Þór Bjanason.